



Borgarráð

Tillaga vegna undirbúnings ráðningar í starf sviðsstjóra mannaúðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að auglýsingu um starf sviðsstjóra mannaúðs- og starfsumhverfissviðs, hjálögð drög að erindisbréfi um skipan ráðgefandi hæfnisnefndar vegna ráðningar í starf sviðsstjóra mannaúðs- og starfsumhverfissviðs auk hjálagðra draga að áætlun um ráðningarferil vegna starfs sviðsstjóra mannaúðs- og starfsumhverfissviðs.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 25. október 2018 var samþykkt að setja í gang vinnu undir stjórn formanns borgarráðs við endurskoðun á skipulagi stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Á fundi borgarráðs þann 7. febrúar sl. voru 11 tillögur að breytingum á skipulagi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar samþykktar, en þær hafa það að meginmarkmiði að einfalda, skýra og skerpa stjórnarhætti Reykjavíkurborgar. Þessar 11 tillögur að breytingum á skipulagi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar voru samþykktar í borgarstjórn þann 19. febrúar sl. Ein þessara tillagna sem samþykkt var í borgarstjórn þann 19. febrúar sl., sjöunda tillagan, fjallar um setja skuli á laggirnar tvær nýjar sviðsstjórastöður og þær auglýstar lausar til umsóknar í samræmi við reglur borgarráðs um ráðningar í æðstu stjórnunarstöður, dags. 24. janúar 2019. Tillaga þessi snýr að öðru starfinu, þ.e. sviðsstjóri mannaúðs- starfsumhverfissvið.

Borgarráð hefur það hlutverk að ráða starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg og veita þeim lausn frá störfum, sbr. 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum. Á fundi borgarráðs þann 24. janúar sl. voru samþykktar reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg, sjá hjálagt. Tilgangur þeirra er að stuðla að því að val á æðstu stjórnendum Reykjavíkurborgar ráðist af hæfni umsækjenda og grundvallist á ráðningaferli þar sem gagnsæi og jafnræði eru höfð að leiðarljósi og einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á stjórnendum. Í reglunum segir í 3. gr. að áður en starf æðstu stjórnanda hjá Reykjavíkurborg eru auglýst laust til umsóknar skal borgarstjóri leggja drög að auglýsingu um starfið, drög að erindisbréfi hæfnisnefndar ásamt drögum að áætlun að ráðningaferli til samþykktar í borgarráði.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að auglýsingu um starf sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Drög að erindisbréfi ráðgefandi hæfnisnefndar vegna ráðningar í starf sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Drög að áætlun um ráðningarferil - sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg, dags. 24. janúar 2019.

Auglýsing vegna starfs sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfis Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg auglýsir laust til umsóknar starf sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfis Reykjavíkurborgar.

„Reykjavíkurborg er vinnustaður með aðdráttarafl fyrir hæfilíkaríkt og metnaðarfullt fólk sem vinnur í þágu borgarbúa“

Leiðarljósín í innleiðingu á framtíðarsýn mannauðsmála til 2025 eru mannvæn, traust, samræmd og snjöll.

Mannauður og starfsumhverfi er nýtt kjarnasvið sem starfa mun innan nýs stjórnskipulags Reykjavíkurborgar sem tekur gildi 1. júní nk. Sviðsstjóri mun hafa yfirumsjón með mannauðsmálum hjá Reykjavíkurborg.

Skipulag nýs sviðs er í mótun og mun nýr sviðsstjóri koma að lokaundirbúningi skipulags nýs sviðs. Ábyrgðarsvið sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs getur því tekið breytingum þar sem endanleg uppbygging sviðsins liggur ekki fyrir.

Mannauðsdeild Reykjavíkurborgar, sem verður að hluta til uppistaðan í hinu nýja mannauðs- og starfsumhverfissviði, hefur haft það meginhlutverk að tryggja samræmda framkvæmd mannauðsmála þvert á Reykjavíkurborg. Innan nýs skipulags mun hluti kjaradeildar Reykjavíkurborgar bætast við en kjaradeild ber ábyrgð á og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga sem og sinnir samskiptum við stéttarfélög fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Launakjör heyra undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Sviðsstjóri heyrir beint undir borgarstjóra og um störf hans gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Ráðið er af borgarráði í starf sviðsstjóra til fimm ára.

Ábyrgðarsvið sviðsstjóra mannauðs og starfsumhverfis:

- Sinnir verkstjórn á daglegum verkefnum og rekstri mannauðs og starfsumhverfis
- Hefur faglega forystu í mannauðsmálum, stefnumótun og nýsköpun á sviði mannauðsmála hjá Reykjavíkurborg
- Ber ábyrgð á innleiðingu mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar
- Veitir ráðgjöf og stuðning við stjórnendur, m.a. vegna ráðninga, samskipta á vinnustöðum og annarra mála er varða starfsumhverfi
- Hefur yfirumsjón með fræðslustarfi Reykjavíkurborgar þ.m.t. stjórnendafræðslu
- Hefur yfirumsjón með starfsmati og launasetning starfa
- Ber ábyrgð á og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga
- Tilheyrir framkvæmdastjórn Reykjavíkurborgar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála nauðsynleg
- Menntun og/eða reynsla á sviði kjarasamninga
- Víðtæk reynsla af mannauðsstjórnun
- Góð þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu

- Leiðtogahæfileikar og reynsla af breytingastjórnun
- Farsæl stjórnunarreynsla og reynsla af stefnumótun
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019.

Umsjón með ráðningu hefur Intellecta. Umsókn óskast útfyllt á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Skipuð verður 3ja manna hæfisnefnd sem mun vinna úr öllum umsóknum í samráði við Intellecta.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is), Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Stefán Eiríksson borgaritari (stefan.eiriksson@reykjavik.is)

[Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.](#)

ERINDISBRÉF

Skipan ráðgefandi hæfnisnefndar vegna ráðningar í starf sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs.

Ábyrgðarmaður: Borgarstjóri

Inngangur:

Borgarráð hefur það hlutverk samkvæmt 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum, að ráða starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg og veita þeim lausn frá störfum. Á fundi borgarráðs þann 24. janúar sl. voru samþykktar reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg. Tilgangur þeirra er að stuðla að því að val á æðstu stjórnendum Reykjavíkurborgar ráðist af hæfni umsækjenda og grundvallist á ráðningaferli þar sem gagnsæi og jafnræði eru höfð að leiðarljósi og einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á stjórnendum. Í b. lið 3. gr. reglna um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður, dags. 24. janúar sl., segir að skipa skuli ráðgefandi hæfnisnefnd, þegar borgarráð ræður í æðstu stjórnunarstöður, sem hefur það hlutverk að fara yfir umsóknir og leggja mat á hæfni umsækjenda.

Hlutverk:

Nefndin skal leggja rökstutt mat á hvort umsækjendur uppfylli skilyrði auglýsingar sem og að meta hæfni þeirra út frá þeim matviðmiðum sem nefndin setur í upphafi ráðningarferilsins.

Markmið:

Ráðgefandi hæfnisnefnd skal stuðla að því að val á æðstu stjórnendum Reykjavíkurborgar ráðist af hæfni umsækjenda og að ráðningarferlið sé þannig að gagnsæi og jafnræði sé haft að leiðarljósi og einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á stjórnendum. Skulu reglur nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands gilda um störf hæfnisnefndar eftir því sem við á, það er þau atriði sem snúa að sérstöku hæfi nefndarmanna, verkefnum hæfnisnefndar og málsmeðferð, skýrslu nefndarinnar, þagnarskyldu og varðveislu gagna og aðgangi að þeim.

Helstu verkefni:

- Hæfnisnefnd skal leggja mat á umsóknir, fylgigögn með þeim og aðrar þær upplýsingar sem aflað er í samræmi við áætlun um ráðningarferil.
- Jafnframt skal hæfnisnefnd sinna öðrum hefðbundnum störfum í ráðningarferlinu í samræmi við þá tilhögun ráðningarferlis sem kynnt er í borgarráði.
- Í störfum sínum ber hæfnisnefnd að fara að stjórnarsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og öðrum lögum og reglum eftir því sem við á.
- Hæfnisnefnd skal setja saman skýrslu um störf sín þar sem fram komi m.a. mat á því hvaða umsækjandi/umsækjendur teljast hæfastir miðað við skilgreind hæfnisviðmið um starfið.
- Í skýrslu skal vera samantekt um hvern umsækjanda sem uppfyllir skilyrði auglýsingar og upplýsingar um hvaða sjónarmið voru ráðandi við matið.

Nefndarmenn:

Hæfnisnefndina skipa Ásta Bjarnadóttir, mannauðsstjóri Landspítalans, sem jafnframt er formaður, Ómar Einarsson, sviðsstjóri á Íþrótt- og tómstundasviði Reykjavíkurborgar og Guðrún Ragnarsdóttir,

ráðgjafi hjá Strategíu, í samræmi við b. lið 3. gr. reglna um ráðningu borgarráðs í æðstu stjórnendastöður hjá Reykjavíkurborgar, dags. 24. janúar 2019. Með því er tryggt að innan nefndarinnar sé góð þekking bæði á mannauðsmálum og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar í samræmi við áðurnefndar reglur.

Ráðgjafafyrirtækið Intellecta skal sinna utanumhaldi og stuðningi við hæfnisnefndina.

Starfstímabil:

Hæfnisnefndin skal skila ábyrgðaraðila niðurstöðum sínum innan fjögurra vikna frá því umsóknarfresti um stöðuna lýkur.

Reykjavík, [Dags.]
Dagur B. Eggertsson

DRÖG

Áætlun

um ráðningarferli vegna ráðningar í starf sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar

Undirbúningur

1. Starf sviðsstjóra mannauðs- og starfsumhverfissviðs er auglýst á vef Reykjavíkurborgar, í dagblöðum og eftir atvikum öðrum miðlum og er umsóknarfrestur er til XX. mars 2019.
2. Umsóknum skal skilað rafrænt á vef Reykjavíkurborgar.
3. Ráðgefandi hæfnisnefnd skal skipuð með erindisbréfi og nefndarmönnum tilkynnt um skipan.
4. Hæfnisnefnd setur upp matsviðmið. Matið skal byggt á viðmiðum sem leiða má af auglýsingu um starfið. Hæfnisnefnd ákveður hvernig hæfni umsækjenda skuli metin í ráðningarferlinu.
5. Að umsóknarfresti loknum skal innan þriggja sólarhringa birta opinberlega nöfn umsækjenda ásamt starfsheitum þeirra á vef Reykjavíkurborgar.
6. Umsækjendum skal tilkynnt um hverjir eiga sæti í ráðgefandi hæfnisnefnd.

Yfirferð umsókna

7. Hæfnisnefnd yfirfer umsóknir með tilliti til vanhæfis samkvæmt 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.
8. Hæfnisnefnd kannar hvort umsækjendur fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til starfsins samkvæmt auglýsingu með tilliti til menntunar og reynslu.
9. Þeir umsækjendur sem uppfylla kröfur um menntun og reynslu fá boð í fyrsta viðtal.
10. Hæfnisnefnd heldur fundargerðir um yfirferð og mat á umsóknum.

Fyrsta viðtal

11. Hæfnisnefnd leggur fyrir umsækjendur staðlaðar spurningar um alla hæfnisþætti sem settir voru fram í auglýsingu.
12. Hver nefndarmaður metur svör umsækjenda sjálfstætt út frá þeim matsviðmiðum sem ákveðin voru í upphafi og skráir niðuri mat sitt.
13. Hæfnisnefnd fundar og fer yfir fyrstu niðurstöður matsins. Haldin er fundargerð.
14. Hæfnisnefnd leggur fyrir borgarráð tillögu að umsækjendum sem fari áfram í síðara viðtal.

Mat á hæfni Síðara viðtal og verkefni

15. Hæfnisnefnd skal í síðara viðtali leggja fyrir umsækjendur staðlaðar spurningar um alla hæfnisþætti sem þarfnast ítarlegri skoðunar.
16. Hæfnisnefnd getur enn fremur lagt fyrir umsækjendur:
 - a) verkleg æfing
 - b) skriflegt verkefni
 - c) persónuleikapróf

- d) hæfnispróf
- e) kynning umsækjanda á framtíðarsýn eða nálgun sinni við tiltekin verkefni, t.d. raunhæft verkefni,
- f) frekari viðtöl

Val ofangreindra leiða ræðst af þeim hæfnisþáttum sem þarf að kanna betur hjá þeim umsækjendum sem eftir standa og þeim upplýsingum sem hæfnisnefnd telur æskilegt að afla.

- 17. Hver nefndarmaður metur svör umsækjenda sjálfstætt og skráir niður mat sitt.
- 18. Hæfnisnefnd fundar og fer yfir niðurstöður mats. Haldin er fundargerð.
- 19. Öflun umsagna frá fyrri vinnuveitendum eða öðrum umsagnaraðilum til að styðja við mat á hæfi umsækjenda.
- 20. Hæfnisnefnd ritar skýrslu um störf sín þar sem fram kemur mat á því hvaða umsækjandi/umsækjendur taldir eru hæfastir miðað við þau hæfnisviðmið sem skilgreind hafa verið.
- 21. Ráðgefandi hæfnisnefnd skilar öllum gögnum er verða til í ráðningarferlinu til skrifstofu borgarstjórnar.
- 22. Skýrsla hæfnisnefndar er lögð fyrir borgarráð og nefndin gerir grein fyrir störfum sínum fyrir borgarráði ef þess er óskað.
- 23. Borgarstjóri gerir tillögu til borgarráðs um ráðningu að fenginni tillögu nefndarinnar.
- 24. Hljóti tillagan samþykki borgarráðs býður borgarstjóri viðkomandi aðila starfið.
- 25. Ráðgefandi hæfnisnefnd skilar öllum gögnum er verða til í ráðningarferlinu til miðlægrar mannauðsdeildar Ráðhúss.

**Lokaskýrsla
hæfnisnefndar**

Reglur um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg

1. Borgarráð hefur það hlutverk samkvæmt 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum, að ráða starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg og veita þeim lausn frá störfum. Reglur þessar gilda um þær ráðningar.
2. Tilgangur þessara reglna er að stuðla að því að val á æðstu stjórnendum Reykjavíkurborgar ráðist af hæfni umsækjenda og grundvallist á ráðningarferli þar sem gagnsæi og jafnræði eru höfð að leiðarljósi og einungis málefnalegar forsendur liggi að baki vali á stjórnendum.
3. Áður en starf eins æðsta stjórnanda hjá Reykjavíkurborg er auglýst laust til umsóknar skv. 75. gr. skal borgarstjóri leggja eftirfarandi fram til samþykktar í borgarráði:
 - a. tillögu að auglýsingu um starfið í samræmi við 2. gr. reglna um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Í auglýsingunni skal koma fram hvaða starf sé laust til umsóknar, hver umsóknarfrestur sé og hvert beri að skila umsóknum. Í auglýsingu skal einnig tilgreina þær kröfur sem umsækjendur um starfið skulu uppfylla sem og æskilega kosti þeirra að öðru leyti. Skal auglýsingin og þær kröfur sem gerðar eru til umsækjenda vera grundvöllur þeirra menntunar- og hæfnisviðmiða sem notuð verða við mat á umsóknum umsækjenda í ráðningarferlinu.
 - b. tillögu að skipan ráðgefandi hæfnisnefndar sem hefur það hlutverk að fara yfir umsóknir og leggja mat á hæfni umsækjenda um starfið. Í hæfnisnefnd hverju sinni skulu a.m.k eiga sæti þrír einstaklingar, þar af einn utanaðkomandi aðili. Við skipan hæfnisnefndar skal tryggt að fyrir hendi sé góð þekking á viðkomandi málaflokki, stjórnáslu Reykjavíkurborgar og mannauðsmálum. Í tillögu kemur fram hver nefndarmanna gegnir formennsku. Jafnframt skal gætt að ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla við skipan hæfnisnefndar. Starfsfólk Reykjavíkurborgar sem skipað er í hæfnisnefnd fær ekki greitt sérstaklega fyrir þau störf en samið skal við utanaðkomandi um hæfilega þóknun fyrir störf í hæfnisnefndinni.
 - c. tillögu um áætlun að ráðningarferli, þar sem koma skulu fram upplýsingar um tilhögun ráðningarferlisins að öðru leyti, þar á meðal um hvort og þá hvaða aðili muni aðstoða hæfnisnefnd í störfum sínum.
4. Starfið skal auglýst laust til umsóknar í fjölmiðlum og á vef Reykjavíkurborgar þegar samþykkt borgarráðs liggur fyrir. Umsóknarfrestur skal almennt vera að minnsta kosti tvær vikur. Borgarstjóra er heimilt að framlengja umsóknarfrest, áður en umsóknarfrestur er liðinn, ef þörf krefur, að höfðu samráði við borgarráð og formann ráðgefandi hæfnisnefndar.
5. Þegar umsóknarfrestur er liðinn skal innan þriggja sólarhringa birta opinberlega lista yfir umsækjendur með starfsheitum þeirra.
6. Hæfnisnefnd skal leggja mat á umsóknir, fylgigögn með þeim og aðrar þær upplýsingar sem aflað er í samræmi við áætlun um ráðningarferil. Jafnframt skal hæfnisnefnd sinna öðrum hefðbundnum störfum í ráðningarferlinu í samræmi við þá tilhögun ráðningarferlis sem kynnt var í borgarráði. Skulu reglur nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands gilda um störf hæfnisnefndar eftir því sem við á, það er þau atriði sem snúa að sérstöku hæfi nefndarmanna, verkefnum hæfnisnefndar og málsmeðferð,

skýrslu nefndarinnar, þagnarskyldu og varðveislu gagna og aðgangi að þeim. Í störfum sínum ber hæfnisnefnd að fara að stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og öðrum lögum og reglum eftir því sem við á. Hæfnisnefnd skal setja saman skýrslu um störf sín þar sem fram komi m.a. mat á því hvaða umsækjandi/umsækjendur teljast hæfastir miðað við skilgreind hæfnisviðmið um starfið.

7. Meti borgarráð það svo að þörf sé á frekari rannsókn málsins getur borgarráð vísað málinu á ný til hæfnisnefndar. Taki borgarráð ákvörðun um að víkja frá tillögu hæfnisnefndar ber því að gæta að sömu lögum og reglum við málsmeðferð og hæfnisnefnd ber að gera.
8. Að fenginni skýrslu hæfnisnefndar og eftir atvikum að lokinni frekari meðferð málsins á vettvangi borgarráðs skal borgarstjóri gera tillögu um ráðningu í starfið til samþykktar borgarráðs. Öll gögn málsins skulu vera aðgengileg borgarráðsfulltrúum á sama tíma og önnur gögn sem lögð eru fram til afgreiðslu á fundum borgarráðs.
9. Borgarráð tekur að fenginni tillögu borgarstjóra ákvörðun um ráðningu. Áður en ákvörðun borgarráðs er birt skal veita hæfilegan tími til að upplýsa aðra umsækjendur um ákvörðunina.
10. Reglur þessar eru settar með vísan til 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum.

Samþykkt á fundi borgarráðs 24. janúar 2019